

# Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 18.nóv. 2011

Kristinn Guðnason formaður setti fundinn og skipaði starfsmenn þá Jósef Valgarð Þorvaldsson og Helga Eggertsson fundarstjóra og Hallveigu Fróðadóttur ritara.

Kjörbréfanefnd tók til starfa í framhaldinu.

## Ávörp gesta:

*Haraldur Þórarinnsson, formaður LH*, þakkaði boð á aðalfundinn, sagði árið hafa verið viðburðarríkt, LM og HM, endaði farsælega en fjárhagur LM er þó ekki góður. Áhyggjuefni hvernig fjárhagsstaða í hestamennskunni er, vantar plan til að bregðast við t.d. þegar LM er slegið af. Sóttvarnaráætlun í samstarfi við MAST hefur gengið vel. Klár í keppni: Verkefni sem stuðlar að betri og ódýrari skoðun hrossa og velferð hrossa, ranghugmyndir sem í gangi eru erlendis þarf að leiðrétta.

*Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hrossasjúkdóma* sagði helstu viðfangsefni sl. árs auðvitað hafa verið smitandi hóstann sem geisaði. Skoða þarf hvað gerðist og hvað má betur fara. Smitandi hóstinn hefur kennt okkur margt og gert okkur grein fyrir því að við verðum að vera í stakk búin til að takast á við smitsjúkdóma í framtíðinni. Í lögum um dýrasjúkdóma er algert bann á innflutningi á notuðum reiðtygjum og þarf að auka fræðslu innanlands þar um. Nefndi líka arfgenga sjúkdóma; spat, og fyrirbyggjandi aðgerðir s.s. röntgenmyndir og áframhaldandi rannsóknir þar að lútandi. Sumarexem; fyrsta bólusetning lofar góðu. Rannsóknir afar mikilvægar en erfitt að fjármagna m.a. vegna þess að Framleiðnisjóður hefur verið aflagður. Skilaði kveðju og þakklæti frá starfsfólki á Keldum v. stuðnings við rannsóknir. Þurfum að huga að t.d. sæðingum og rannsóknum sem þeim tengjast, einnig skoða naflaslit, tanngalla og þurfum að vera á varðbergi gagnvart arfgengum sjúkdómum. Velferð hesta í keppni svo og í umhirðu og fóðrun, afleiðingar offitu þarf að skoða, sem er orðinn velmegunarsjúkdómur og getur m.a. orsakað sykursýki 2 og hófsperru. Geldar hryssu geta líka verið í áhættuhóp. Velferð hrossa í keppni, þar þarf að safna gögnum. Margt jákvætt að gerast í þróuninni en verðum að halda því áfram. Ný lög um dýrahald; hestahald verði leyfisskylt, sem og starfsrekstur tanningastöðva. Evrópusambandsúmsókn og af hverju við getum ekki leyft innflutning lifandi hrossa. Bólusetning er dýr kostur og gott væri að hafa a.m.k. einn hrossastofn í heiminum sem er án bólusetninga. ESB tryggir frjálst flæði lifandi hrossa innan sinna landa og þurfum við að benda þeim á að við erum ekki að hugsa innflutningsbann sem viðskiptahindrun. Verðum að berjast fyrir því að fá til baka rannsóknarfé í greinina.

*Sigrún Ólafsdóttir formaður FT* skilaði kveðju frá Félagi Tanningamanna. Samstarfið hefur verið gott. Markaðsmálin eru ofarlega á lista. Heilbrigðisskoðun keppnishrossa þarf að setja í farveg. Hvernig á að skoða, hverja og hvað að gera við niðurstöðurnar?

*Haraldur Benediktsson formaður BÍ* þakkaði samstarfið á liðnu ári, sérstaklega við formann og framkvæmdastjóra. Taka þarf margar stórar ákvarðanir fram að búnaðarþingi, sagðist sammála Sigríði Björnsdóttur um varnir gegn innflutningi lifandi dýra. Nota þarf þau áföll hrossaræktarinnar til stuðnings okkar máli, enda mun allt búfé finna fyrir „innfluttum“ sjúkdómum ef innflutningur verður gefinn frjál. Dýravelferð þarf að taka á, umgengni á bæjum, fóðurstand búfjár o.þ.h.

*Bjarni Maronsson frá Landgræðslu ríkisins* flutti kveðjur og góðar óskir frá Sveini Runólfssyni og starfsfólki landgræðslunnar. Frá árinu 2000 hefur verið unnið að landnýtingarþáttum í gæðastýringu hrossaræktarinnar í samvinnu við hrossabændur og hefur samstarfið jafnan verið með ágætum. Þetta er mikilvægur samstarfsveitvangur sem báðir aðilar læra af. 44 bú tóku þátt í verkefninu á þessu ári og eru þau flest í Skagafirði. Hefur stuðlað að betri nýtingu lands hrossabænda og bætt ásýnd þeirra út á við. Margir af öflugustu landbótamönnum, sem og skussar, tilheyra stétt hrossabænda og síðastliðin ár hefur skussunum fækkað og ástand lands í fyrrihaust betra en oft áður, en ábendingar sem borist hafa í ár bera með sér að illa útlítandi hrossahólfum sé að fjölga aftur. Veita þarf aðhald þeim sem ekki standa sig og benda á að til séu margar góðar fyrirmyndir innan hrossabænda. Landgræðsluverðlaunin hafa fallið í hlut hrossabænda undanfarin tvö ár sem sýnir að góðar fyrirmyndir er að finna innan greinarinnar.

**Skýrsla stjórnar** – *Kristinn Guðnason formaður* flutti skýrslu stjórnar (sjá skýrslu).

Sagði m.a. að markaður fyrir hrossasölu, þ.e. þessi venjulegu hross væri lítill eins og er. Dýrt fyrir fólk að byrja í hestamenskunni vegna dýrtíðar og spurning hvort hægt er að lækka þann kostnað til að auka nýliðun í greininni.

Landsmót – leita þarf leiða til að stytta mótin og auka aðsókn og verður þar meðal umræðuefna á hrossaræktarráðstefnunni 19.nóv. Skoða þarf framtíðina með tilliti til markaðsetningar, m.a. útfærslu mótsins, staðsetningu og jafnvel tímasetningu. Hvaða skilyrði þurfa mótssvæðin að uppfylla, ekki bara það sem snýr á mannvirkjagerð á mótstað, heldur hvað varðar nálægð þjónustu við gesti osfrv.? Kristinn var á formannafundi LH og þar var spurt um hvað ætti að veða þyngst landsmótið eða staðarval og allir voru sammála um að reksur og hagsmunir landsmótsins sjálfs ættu að veða mest.

**Ársreikningar félagsins** - *Eyþór Einarsson gjaldkeri* flutti reikninga félagsins (sjá reikninga).

**Kjörbréfanefnd:** Ólafur H. Einarsson kynnti niðurstöður nefndarinnar:

Hrossaræktarsamtök Suðurlands - 469 félagsmenn-11 fulltrúar.

Vesturlandsdeild - 57 félagsmenn – 3 fulltrúar.

Hrossaræktarsamtök V-Hún. – 70 félagsmenn – 3 fulltrúar.

Hrossaræktarsamband Dalamanna – 48 félagsmenn – 2 fulltrúar.

Samtök hrossabænda í A-Hún. – 98 félagsmenn – 3 fulltrúar.

Hrossaræktarsamband Skagfirðinga - 170 félagsmenn – 5 fulltrúar.

Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga- og Þingeyinga Eyf. - 291 félagsmenn – 7 fulltrúar.

Hrossaræktarsamtök Austurlands - 71 félagsmaður – 3 fulltrúar.

Hornafjarðardeild – ekki skilað inn félagatali á árinu, né greitt félagsgjöld – enginn fulltrúi.

37 fulltrúar af þeim sem rétt áttu til fundarsetu voru mættir.

**Umræður um skýrslu stjórnar.:**

**Bjarni Þorkelsson** – þakkaði skýrslu og ávörp gesta, spurði formann hvort hugað hafi verið að því að virkja WF enn frekar í þágu hrossabænda s.s. með uppsetningu á sölusíðu. Landsmótsnefndin: merkasta og mest afgerandi niðurstaða nefndarinnar er sú tillaga að halda LM tvisvar fyrir sunnan á móti einu sinni fyrir norðan. Finnst þetta vel ásættanleg sáttargjörð þar sem komið er til móts við félagsleg og fjárhagsleg sjónarmið. LH og BÍ hljóta að taka þessa niðurstöðu upp á sína arma.

**Indriði Karlsson** – öllum málum var vísað til Landsmótsnefndar á síðasta aðalfundi og þar eina sem hún hefur skilað er tillagan sem Bjarni talaði um. Ekki sáttur við þessa tillögu.

**Kristinn Guðnason** – svaraði Bjarna því að þegar væri verið að ræða útvíkkun Worldfengs m.tilliti til sölusíðu.

**Hulda G. Geirsdóttir** tók til máls og benti fundarmönnum á ljósrit af ýmsum erlendum blaðgreinum sem ritaðar hafa verið í framhaldi af vinnu framkvæmdastjóra með erlendum blaðamönnum og sagði það einn mikilvægasta þátt markaðsstarfsins að sinna fjölmiðlafólki.

**Eyþór Einarsson** – varðandi landsmót þá væri rétt að benda á að tillagan ekki stefna félagsins heldur tillaga frá Landsmótsnefnd.

### **Reikningar félagsins bornir upp og samþykktir samhljóða.**

**Haraldur Þórarinnsson** fjallaði um fyrirhugað LM í Reykjavík 2012. Niðurstöður umræðna hafa verið þær að stytta þurfi mótin en ekki að fækka eigi hrossunum. Þurfum að skilgreina til hvers mótin eru og nálgast svo þá skilgreiningu. Undirbúningur fyrir 2012 er í fullum gangi, markaðssetning hefur liðið fyrir minna fé en áður, en búið er að semja við alla styrktaraðila og fer markaðsstarfið í fullan gang m.a. með ýmsum jólaleikjum styrktaraðila. Stefnt er að reyna að hafa keppni í gangi á tveimur völlum á sama tíma til og stefnt á að hafa alla þræði hnýttu hvað varðar starfsmenn og fleira, fyrir áramót. Umferðarskipulag veldur áhyggjum en fundað hefur verið m.a. með lögreglu til að skoða þau mál, og spurning hvernig það gengur upp. Mikill áhugi er hjá útlendingum fyrir mótinu. Byggja þarf upp einingu hér innanlands um staðarval mótsins. Ekki má gleyma því að á Suðurlandi og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu eru stærstu byggðakjarnarnir. Ekki má tapa sjónum á aðalatriði landsmóta en ekki að einblína einungis á mótsstaði.

### **Hádegishlé tekið um kl. 12.00**

Fundi fram haldið eftir hádegishlé kl. 13.15

**Kristinn Hugason** bar kveðju Jóns Bjarnasonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Talaði um könnun sem gerð var um opinberan stuðning við hrossaræktina og bendir á að úttektin er aðgengileg á vef ráðuneytisins. Hrossaræktin nýtur minni stuðnings en aðrar búgreinar og áherslan hefur verið á einkaframtakið í greininni.

**Ólafur H. Einarsson**, frá Eiðfaxes kynnti vefgátt fyrir hrossaræktarbú: Fór fyrst yfir stöðu markaðs- og sölumála, dýru hrossin eru að seljast en lítil sala er í öðrum hrossum. Vægi kynbótadóms þegar kemur að sölumálum er að minnka. Worldfengur nýtist ekki sem skyldi, notendaviðmót WF er orðið úrelt og þarf að verða notendavænna. Ímyndar- og markaðsvinna er það sem minnst hefur verið þróað hjá hestamönnum. Vitnaði í grein sem heitir Markaðssetning á netinu þar sem fjallað er um aukningu á auglýsingum þar og vöxt þeirrar markaðssetningar. Heimasíðuhönnunin ein og sér er ekki nóg, heldur þarf að huga að „staðsetningu“ (þ.e. sýnileika).

Vefur Eiðfaxes á að halda utan um starfsemi Íslandshestaheimsins, verða miðpunktur umferðar um hestaheiminn, safn nafnspjalda, myndir, vídeó, auka sýnileika hestatengdrar starfsemi, auka umferð um vefi, hjálpa aðilum til við markaðsvinnu og netfangasöfnun.

Virgni: Myndrænt yfirlit yfir tengla, einfalt að búa til leitarskilyrði, einfalt að sigta út þín áhugasvið, tenging við öflugan gagnagrunn greina og mynda Eiðfaxes, nýtist í að koma sér upp tengiliðaupplýsingum, með almennri þátttöku verður til einstakt verkfæri fyrir greinina og þá sem leita eftir vöru eða þjónustu.

Heimarétt WF gæti t.d. birst á myndrænu formi sbr. stóðhestavef Eiðfaxes, „nafnspjald“ kæmi upp ef ekki er til staðar mynd af hrossi. Valparanir væru líka á þessu formi.

**Ágúst Sigurðsson** – „Hesturinn okkar?“

Ágúst ræddi t.d. genaflæði, fósturvísaf lutninga, sæðingar, erfðaframarfarir hér heima og erlendis?

Hvernig hross ræktum við? Erfðafræðileg staða mismundandi stofna, hvert stefnum við?

Erfðahlutdeild þekktra kynbótahrossa, Sörli 71, Síða, Hrafn, Ragnarsbrúnka, Skuggi 302, Orri. Fór yfir stöðu sköpulagseinkunna, hæfileika og sundurliðara sköpulagsdóma og þar kemur fram að Svíar eru komnir mjög framarlega í ræktun íslenskra hrossa og komnir fram úr okkur í sköpulagi hrossa, en enn sem komið er heldur Ísland forystu í hæfileikum

Hvað þarf að gera? Lög og reglur (síðareglur), stefna, rannsóknir - þurfum að vita hlutina fyrir víst.

Meiri metnað – stífara úrval, rækta betri hross, vera leiðandi – vera best í öllu!

**Pétur Behrens** þakkaði Ágústi og Ólafi fyrir fróðleg erindi og sagðist vonast til að þau birtist einhvers staðar til frekari fróðleiks. Nefndi að Ingimar Sveinsson er ekki eini núlifandi íslendingurinn sem hefur prófað Sörli 71, heldur einnig húsfreyjan á Höskuldsstaðahjáleigu!

**Kristinn Hugason** þakkaði erindi Ólafs og Ágústs. Varðandi erindi Ágústs er hann að mestu sammála því sem þar kom fram, en segir þó að vinsældir íslenska hestsins hafi ekki vaxið til samræmis við vinsældir annarra hrossakynja. Leggja þarf áherslu á að kynna íslenska hestinn, fæddan á Íslandi með Ísland sem upprunaland. Erum í viðvarnandi fjárkreppu hér á landi varðandi hestinn, markaðsmálin eru vonlítill, vantar meiri veltu, almennari þátttöku og meira fjárstreymi almennt til að einhver framtíð sé í þessu. Leita þarf leiða til að fá meira fjárstreymi í greinina til að styrkja hana. Greinin þarf að vaxa og dafna með sjálfbærum hætti. Hjá nágrannaþjóðunum er mun meira fjárstreymi í þessari grein, t.d. í gegnum veðmál og tekjur, t.d. í Noregi eru þær settar í rekstur á skrifstofu Norsk Hestecenter. Huga þarf að nýjum leiðum til að auka vægi hestamennskunnar og hrossaræktar, sýningastarfsemi t.d. þar sem sýnd eru virkilega góð hross, í stað þess að leggja of mikla áherslu á að sem flestir geti riðið hestinum. Farþegar á skemmtiferðaskipum væru t.d. markhópur. Leggur mikla áherslu á trú sína að hægt sé að koma hestinum á framfæri sem Olympíukeppanda í tölti og gæðingaskeiði. Íslenska hestinn ætti að ræktað stærra og glæsilegri þannig að hann gæti þá sómt sér við hlið annarra sporthestakynja. Þurfum að opna nýjar markaðsleiðir.

**Kristinn Guðnason:** Markaðssóknin er eitthvað sem við þurfum að móta okkur stefnu í sbr. erindi Ólafs. Varðandi erindi Ágústs þá er augljóst að við þurfum að undirbúa okkur fyrir nýtt umhverfi í hrossaræktinni og ýmislegt sem þarf að huga að. Sæðingar og útflutningur á sæði gæti boðið ýmsa möguleika og tekjuleiðir og gæti t.d. aukið áhuga stóðhestseiganda að halda hestunum hér á landi í stað þess að selja þá út. Sammála um að við erum oft að nota of lélegar hryssur í ræktun. Rannsóknir – þurfum leiðbeiningar um hvernig best er að standa að þeim, en þær eru nauðsynlegar.

**Sigríður Björnsdóttir** fagnar hugmyndum Ólafs varðandi vefgáttina og telur hana mjög vænlegan kost. Varðandi erindi Ágústs benti hún á að með sæðingum er hægt að tvöfalda notkun stóðhesta, en fósturvísaf lutningar ættu ekki að hafa marktæk áhrif á þróun stofnsins, enda einungis hægt að fá um mest þrjú afkvæmi á einu ári en það yrði þá til þess að sama hryssa nýtist ekki til ræktunar árið eftir og jafnast þetta því út. Stóðhestar geta gefið frá sér dulda erfðafræðilega galla: ófrjósemi, naflaslit, og magnast þá áhættan með sæðingum. Fær oft spurningar um ímyndarlega hlið sæðinga, samræmist þetta ímynd íslenska hestsins, en persónulega sér hún enga meinbugi á að nýta sæðingar. Þurfum að koma á framfæri upplýsingum um að fósturvísaf lutningar eru ekki fjöldaframleiðsla. Sæðis útflutningur er mögulegur en háður skilyrðum sbr. reglugerðir.

**Anton Páll Níelsson** þakkaði erindi og innlegg gesta. Hestamenn og ræktendur eru duglegt og bjartsýnt fólk. Þurfum etv. að sýna meiri eigingirni varðandi okkar góðu hross og fara að halda þeim

eftir en ekki selja úr landi. Markaðsmál: Getum virkjað betur gæðastýringu / gæðavottun en þar er engin vottun á lokaafurðina, þ.e. reiðhestinum, sem og tamningamanninum. Þurfum að kynna betur hvernig við temjum og þjálfum hrossin. Telur birtingu niðurstaðna úr keppni í WF vera vonda markaðssetningu. Áverkar á hrossum í dómi hafa aukist og það hefur slæma áhrif á markaðsstarf og kynningu. Skerpa þarf á vinnureglum fagraðs varðandi kynbótasýningarnar og leggur til að fundurinn samþykki að hross sem koma blóðug út úr braut hljóti ekki einkunn.

**Víkingur Gunnarsson** þakkar góð erindi. Varðandi erindi Ágústs veltir hann því fyrir sér hvort setja þurfi reglur um skipulag umfram það sem nú er, þar sem taka þarf m.a. tillit til hættu á skyldleikaræktun, telur að reglur um sæðingastarfsemi þurfi að yfirfara. Ekkert í reglum bannar t.d. að eineistungar komist á verðlaunapall á landsmótum. Ef erlendir aðilar fara fram úr okkur í hrossaræktun í framtíðinni er þá fyrirsjáanlegt að farið verði í að flytja inn sæði og hvaða leiðir eru þá færar í því? Útflutningur á sæði gæti orðið okkar verndarleið og haldið þá góðum stóðhestum í landinu. Markaðsetningu má bæta þrátt fyrir fjárskort sbr. Erindi Ólafs. Hvernig getum við nýtt WF, og allar þær upplýsingar sem þar eru, sem allra best í svona markaðsglugga? Menntun er almerkilegasta og drýgsta markaðstæki sem til er, nemendur fara víða við kennslu og tamingar og útbreiða þar með þekkingu, knapamerkin skila líka meiri og betri þekkingu og færni. Erum fá og vantar fjármagn og slagkraft í markaðssetninguna og verðum því að fara að velta fyrir okkur að sameina krafta okkar sem allra mest, og ein kraftmikil og úthaldsgóð samtök sem stæðu fyrir greinina telur hann vera það sem koma þarf. Getum þá betur tekist á við þá samkeppni sem er við erlendan markað.

**Bjarni Þorkelsson** – spurning til Sigríðar Björnsdóttur: Er sæðingastarfssemi sé yfirleitt leyfisskyld og ef svo er hvaða skilyrði þarf hún að uppfylla ?

**Sigríður Björnsdóttir** – í reglugerð stendur að leyfi þarf til rekstur stöðvar þar sem dreift er sæði eða fósturvísun. Telur að mistök hafi orðið við gerð þessarar reglugerðar. Reglugerðin er greinilega þýdd en ekki staðfærð, enda er miðað við að hestur geti verið smitberi, að mörgu leyti er erfitt að fara eftir núverandi reglugerð. Ekki er minnst einu orði á arfgenga galla í þessari reglugerð og hún telur að það verði að endurskoða reglugerðina og setja hana í íslenskan veruleika. Ef flytja „þyrfti“ inn erfðaeefni væri ekki hægt að hreinsa sæði gagnvart öllum þekktum smitsjúkdómum, s.s. ákveðinni tegund herpes víruss og við eigum að taka okkur tak og passa upp á þess þurfi ekki (þ.e. að flytja inn erfðaeefni).

**Ólafur H. Einarsson** – ef samtökum sem þessum lánast að hjálpa okkur við að búa til bættan jarðveg fyrir starfsgreinina þá erum við ánægð. Varðandi erindi Ágústs: Hreppapólitíkur gætir í erindinu og spyr hvort þetta sé ekki einn hestur ? Telur að sæðisinnflutning þurfi að skoða hvort hann sé mögulegur enda spennandi kostur og spurning hvort okkur takist hvort eð er að halda landinu hreinu hvað varðar hrossasjúkdóma.

**Ágúst Sigurðsson** – hefur ekki frekar en Anton verið spurður út í menntun sína þegar hrossakaupmenn koma að versla. Sæðisinnflutningur og útflutningur er eitthvað sem við verðum að fara að hugsa út í, við hér á Íslandi verðum annað hvort að sitja við sama borð og aðrar þjóðir eða bregðast við til varnar. Hugsa þarf langt fram í tímann og við verðum að vera viðbúin gríðarlegri samkeppni frá öðrum löndum, en höfum á sama tíma ekki pening í þessa nauðsynlegu vinnu. Þurfum að finna leiðir til að byggja upp rannsóknarsjóði. Hefur ekki áhyggjur af skyldleikarækt næstu tvo ættliðina eða svo en við þurfum að hafa augun opin gagnvart því. Þurfum að skoða alla möguleika framtíðarinnar á raunhæfan hátt og athuga hvað er mögulegt og hvað ekki. Þurfum að setja okkur einhvern ramma varðandi sæðingar, sæðisflutninga og fleira. Í kynbótafræðinni erum við að sjá fram á næstu þáttaskil (blupið var það fyrsta) þ.e. að geta farið að nýta uppl. um erfðaeefnið beint, þ.e. tengsl ákveðinna erfðamengja svæða við hæfileika og þar með opnast möguleiki á að hraða erfðaframförum um 100%.

## **Næst tóku nefndir til starfa og skiluðu svo af sér eftirfarandi:**

### **Ingimar Ingimarsson kynnti tillögur ræktunarnefndar :**

1. Upprunaskráning hrossa v. leiguhryssa - Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, beinir því til stjórnar Fhb að eyðublað um leigusamning, þar sem fram koma upplýsingar um ræktanda, uppruna og eiganda hrossin, verði aðgengilegt í Worldfeng .

**- Samþykkt samhljóða -**

2.

Frá Hrossaræktarsamt. Skagf. – greiða götu spattskráninga allra hrossa í WF. Í ljós kom að ekkert stöðvar þessa skráningu nema aukinn tími og kostnaður – verðskrá verði gerð hjá MAST – Sigríður Björnsdóttir klárar málið.

3. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, samþykki að hross sem koma með áverka þar sem blóð sést, úr kynbótadómi hljóti ekki einkunn og ekki verðlaun – **Tillagan sem slík var felld en ný samín í staðin:**

Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, telur tíðni áverka í kynbótasýningum óásættanlega. Fundurinn beinir þeim eindregnu tilmælum til fagráðs að gripið verði til allra ráða sem leitt geti til þess að bæta úr þessu ástandi. Lagt er til að tillögur þar að lútandi verði unnar og komið til framkvæmda á öllum kynbótasýningum, héraendis og erlendis hið fyrsta .

Fundurinn hvetur alla hesteigendur, knapa og dómara til að leggjast á eitt um úrvætur strax næsta sýningarár.

**- Samþykkt samhljóða -**

4. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. Nóvember 2011, samþykkir að skora á stjórn Félags hrossabænda að athuga með tvískiptingu sýningagjalds og verðlagningu DNA sýnatöku, félagsmönnum til hagsbóta

**- Samþykkt með þorra atkvæða -**

5. Umræðupunktur til nefndar – málin rædd í nefndinni en ekki samín tillaga. Afmörkun brauta, ályktun var beint til fagráðs að skerpa á því að knapar sýni tillitssemi hvað varðar tímalengd sýningar. Fyrirkomulag sýninga á landsmóti var lítillaga rætt sem og sæðingarnar en engar tillögur komu fram þar. **Samþykkt samhljóða að senda „hvatninguna“ til fagráðs.**

### **Jóhann Albertsson kynnti tillögur nefndarinnar**

1. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, mótmælir niðurskurði á fjárframlögum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Framleiðnisjóður hefur um árabíl verið helsti bakhjarl hrossabænda þegar kemur að framkvæmdum, rannsóknum og þróunarverkefni um í greininni. Þar sem búgreinin nýtur engra opinberra styrkja er framlag Framleiðnisjóðs til hennar algert lykilatriði í framþróun á breiðum grundvelli.

**- Samþykkt samhljóða**

2. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, biður MAST að veita undanþágu á örmerktum gömlum hrossum á innanlandsmarkað.

Greinargerð:

Það er orðið dýrt fyrir eigendur gamalla hrossa að kaupa sér örmerkingu bara til þess eins að geta sent þau í sláturhús til aflífunar. Það er illa farið með gjaldeyri að nota hann í kaup á örmerkjum til þess eins að hægt sé að farga hrossinu í sláturhúsi. Þetta erum við örmerkingarmenn að framkvæma þessar vikurnar. Of er um að ræða fullorðnar ótamdar hryssur og hesta sem eru fædd áður en menn fóru almennt að merkja hrossin sín. Þessi hross lenda iðulega nú orðið í gröf, þótt það sé bannað skv. Lögum og eða fara þarf með þau á endurvinnslustöðvar með tilheyrandi kostnaði vegna þessara stífu krafna um örmerkingar. Nú vitum við um sláturhús sem slátrar nánast eingöngu fyrir innanlandsneyslu. Svona á ekki að fara með matvæli.

**- Tillögunni var vísað frá í nefndinni með þorra atkvæða –**

3. *Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011 fer þess á leit við Bændasamtökin að þau skoði hvort þörf sé á að yfirfarnar verði skráningarreglur við grunnskráningu hrossa*

*Greinargerð:*

Af gefnu tilefni er mikil þörf á að ekki sé hægt að skrá inn hrossa frá örðrum en ræktendum sjálfum inn á viðkomandi bú. Vitað er um dæmi þess að allt í einu var komið afkvæmi á hryssu á ári sem hún var geld.

Það eru mörg ár síðan að skylda var að skrá og einstaklingsmerkja hross áður en þau verða 10 mánaða að þessar skráningar ættu að vera óþarfar. Eins eru mörg tilfelli þar sem hross eru skráð frá viðkomandi bú en hafa aldrei verið þar til. Hallveig er mjög vakandi í þessum málum, það ber að þakka.

**- Samþykkt samhljóða -**

4. *Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, samþykkir að félagsmenn sjái sér einhvern hag í því að vera í búgreinafélaginu t.d. með því að sýningargjöld séu tvískipt, fyrir félagsmenn og utanfélagsmenn. Einnig að verðlagning á DNA sýnatökum verði aftur á því verði sem ræktendur sætti sig við.*

*Greinargerð:*

Í dag nýtur hinn almenni félagsmaður ekki neins fyrir að vera félagi í búgreinafélaginu. Hann fær Worldfeng í gegnum hestamannafélagið sitt. Hann greiðir sama sýningargjald fyrir kynbótahross í dómum og hinir sem ekki greiða neitt til félagsins. Í flestum tilfellum ekki einu sinni búnaðargjald. En fær alla sömu þjónustu og félagsmenn.

Á LM voru 62 stóðhestar í eigu þeirra sem ekki greiða búnaðargjald og 56 í eigu bænda og 71 hryssa á móti 58 í eigu bænda (búnaðargjaldagreiðanda). Trúlega er hlutfallið miklu hærra á héraðssýningunum. Þarna er félagið að fara á mis við miklar tekjur, og þarf félagið að ná utan um þennan tekjustofn.

Verð á DNA sýnatöku og úrvinnsla þeirra er komið langt upp fyrir það sem hinn venjulegi ræktandi getur sætt sig við.

**- Samþykkt samhljóða –**

5. *Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. Nóvember 2011, samþykkir að vísa því til skoðunar hjá stjórn Fhb að taka upp að nýju samstarf við LH um sameiginlega uppskeruhátíð.*

**- Samþykkt samhljóða –**

6. *Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, beinir því til stjórnar félagsins að kanna hvort auðveldla þurfi aðgengi að gögnum úr Worldfeng til frekari*

úrvinnslu.

Greinargerð:

Samkvæmt upplýsingum frá aðilum sem nýta gögn úr Worldfeng getur reynst erfitt að fá aðgengi að gögnum.

**- Samþykkt samhljóða –**

7. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011, skorar á Landbúnaðarráðuneyti og Matvælastofnun að tryggja bændum í dreifðum byggðum landsins viðunandi dýralæknþjónustu. Nýlegar breytingar á skipan dýralæknamála í landinu virðast ganga gegn þessu markmiði og þarfnast endurkoðunar.

**- Samþykkt samhljóða –**

8. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. nóvember 2011 beinir því til Bændasamtaka Íslands og Landssambands hestamannafélaga að Landsmót séu haldin til skiptis norðanlands og sunnan.

Greinargerð:

Lagt fram til að fylgja eftir samþykkt formannafundar

– lögð fram með 9 atkv. gegn 3 í nefnd – **samþykkt með 16 atkv gegn 8 atkv.**

### **Fjárhags- og uppstillinganefnd:**

#### **Björn Magnússon kynnti tillögur Fjárhags og uppstillinganefndar**

1. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 18. Nóvember 2011, samþykktir að árgjald til félagsins vegna ársins 2012 sé óbreytt, 4.000 kr. Á hvern félagi

**- Samþykkt samhljóða**

2. Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt.

Einnig beinir fjárhagsnefnd því til stjórnar að stefna að því að auka starfshlutfall framkvæmdastjóra.

#### **Kosningar:**

Kjósa átti um tvo stjórnarmenn til þriggja ára: Þrír voru tilnefndir: Sigbjörn Björnsson, Vignir Sigurðsson og Magnús Bragi Magnússon.

Atkvæði fóru þannig -

Sigbjörn Björnsson: 24 atkv.

Vignir Sigurðsson: 25 atkv

Magnús Bragi Magnússon: 11 atkv.

Einn miði var auður.

Þrír menn í varastjórn til eins árs – samþykkt með lófaklappi:

Magnús Bragi Magnússon, Guðný Linda Gísladóttir, Ragnar Magnússon.

**Skoðunarmenn** – Samþykkt með lófaklappi að sömu tveir verði áfram ásamt varamanni.

Birna Hauksdóttir, Gunnar Dungal - Varamaður Zophonías Jónmundsson.



## **Önnur mál:**

**Bjarni Páll Vilhjálmsson:** Landsmót – samþykkt sem vísað verður í stjórn verður líklegast til þess að umræðan fer í gang aftur. Ekki svo einfalt að kjósa eigi alltaf með Landsmóti þar sem það myndi þýða að alltaf yrði haldið landsmót á Suðurlandi.

**Gunnar Ríkharðsson:** Landsmót - finnst sanngjarnt að velja til skiptis fyrir sunnan og norðan og það sé svo byggðarsjónarmið /landshlutamál hvar á landssvæðinu mótið sé sett niður.

**Kristinn Guðnason** – vill að kosið verði með landsmóti og þá jafnvel að aðeins einn staður verði valinn til frambúðar. Benti á að á hrossaræktarráðstefnunni verður rætt um framtíðarskipulag landsmótanna. Óskar Vigni til hamingju með kosningu í stjórn og þakkar Eyþóri Einarssyni góð störf undanfarin ár. Sleit fundi kl. 19.10.